

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar haldinn á Herjólfstöðum þann 25.08.2025.

Mætt eru Örvar Egill Kolbeinsson, Pálína Pálsdóttir og Þormar Ellert Jóhannsson.

Formaður setur fundinn og býður fundargesti velkomna.

Drög að fjallskilaseðli rituð og þau miðuð við 90 dagsverk. Landverð 40% og fjártala 60%.

Daggjald á afrétti haustið 2025 kr. 20.738.

Fjallkóngur á Álftaversafrétti haustið 2025 er Þormar Ellert Jóhannsson.

Fjallskilaseðill skoðast samþykktur.

Áætlað að fara á afrétt fimmtudaginn 11.september 2025.

Yfirfara þarf gerðin fyrir haustið ekki búist við öðru en einungis sé þörf á minniháttar viðhaldi. Þörf er orðin á að moka út úr almenningi í lögréttinni, mögulega verður ráðin bót á því fyrir haustið.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

Fjallskilaseðill 2025

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar í Skaftárhreppi hefur ákveðið fjallskil haustið 2025 samkvæmt meðfylgjandi skrá.

Áætlaður dagsverkafjöldi við fjallskil í fyrsta, öðru og þriðja safni getur tekið breytingum við uppgjör fjallskila þegar fjallsöfnum er lokið. Miðað er við 90 dagsverk, 40% á landverð og 60% á vetrarfóðraðar kindur.

	Landverð	Landverð dagsverk	Fjártala	Sauðfé dagsverk	Dagsv. alls
Jórvík I	980000	1,87	222	5,29	7,0
Jórvík II	968000	1,84	0	0	2,0
Mýrar	2130000	4,06	305	7,27	11,5
Mýrar II			155	3,70	3,5
Hraungerði	1325000	2,52	205	4,89	7,5
Þykkvabæjarkl.	2365000	4,50	227	5,41	10,0
Norðurhjáleiga	3262000	6,21	366	8,73	15,0
Hraunbær	825000	1,57	0	0	1,5
Bólhraun	324000	0,62	0	0	1,0
Efri-Hraunbær	1646000	3,13	0	0	3,0
Herjólfsstaðir I	1325000	2,52	255	6,08	8,5
Herjólfsstaðir II	1325000	2,52	230	5,48	8,0
Holt	1140000	2,17	300	7,15	9,0
Skálmarbær	1290000	2,46	0	0	2,5

Í fyrsta safn verður farið fimmtudaginn 11. sept. og eiga smalar að vera mættir að Skálmarbrú kl. 7:00 árdegis. Svo sem venja hefur verið er gert ráð fyrir einum smala frá hverjum bæ í fyrsta safn. Fjallskilaskyldur aðili sem ekki getur lagt til smala í fyrsta safn skal tilkynna það fjallkóngi eigi síðar en viku fyrir boðaðan safndag. Sé það ekki gert verður innheimt 50% álag á daggjöld. Fjallkóngur verður Þormar Ellert Jóhannsson, símanúmer: 846-2967, netfang: johannsson87@gmail.com.

Daggjöld á öllum afréttum Skaftárhrepps haustið 2025 verða kr.20.738-. Sem fyrr verða allir reikningar sem framvísað er á skrifstofu Skaftárhrepps að vera samþykktir af fjallskilanefnd.

Vekjum athygli á fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu nr. 774/2020, en þar segir m.a. :

"19.grein, Hver bóndi er skyldur að smala land sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrir mælum sveitarstjórnar ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar."

"24.grein, Hver eigandi eða umráðamaður lands er skyldur til að smala heimaland sitt eigi síðar en 20. október ár hvert og það eins þótt landeigandi eða umráðamaður eigi þar ekki fjárvon sjálfur. Vanræki einhver að smala heimaland sitt, getur sveitarstjórn látið smala það á hans kostnað, og greiðir hann að auki sekt samkv. ákvæðum 21.gr. samþykktar þessarar."

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar 25/8 2025

Örvar Egill Kolbeinsson

Þormar Ellert Jóhannsson

Pálína Pálsdóttir